

Föstudaginn 16. nóvember 1990.

Nr. 281/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Steingrími Njálssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Skírlífisbrot. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1990 að ósk ákærða og einnig af ákærvalds hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu, en staðfestingar á ákvæðum héraðsdóms um, að ákærði sæti að refsingu lokinni gæslu samkvæmt 66. og 67. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds í málinu.

I.

Verjandi ákærða byggir ómerkingarkröfu á því annars vegar, að verjanda í héraði hafi ekki gefist kostur á að koma að sjónarmiðum ákærða um öll þau atriði, sem héraðsdómur er byggður á. Á verjandinn hér við tilvitnanir í fyrri dóma yfir ákærða í forsendum dómsins. Hann kveður endurrit dóma þessara ekki hafa verið lögð fram í málinu og ákærða og verjanda hans því ekki hafa getað kynnt sér efni þeirra. Í öðru lagi er krafan byggð á því, að ríkissaksóknari hafi ekki sótt þing í héraði, svo sem verjandinn telur honum hafa verið skylt samkvæmt 130. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, en hér sé um að ræða sérstætt mál.

Meðal framlagðra skjala í héraði var sakavottorð ákærða, þar sem tilgreindir eru dómar, sem hann hefur hlotið, hvaða lagaákvæði hafi verið brotin og hver viðurlög ákveðin. Verjandi gat á grundvelli þessa málsskjals óskað eftir endurriti einstakra dóma. Reifun

héraðsdómara á dómum, sem tilgreindir eru í sakavottorði, þykir ekki þess eðlis, að brotinn hafi verið réttur á ákærða. Er hér reyndar um reifun að ræða, sem lesa má í dómi sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1987, sem birtur er með dómi Hæstaréttar 24. febrúar 1988.

Ríkissaksóknara var ekki skylt að sækja þing í máli þessu í héraði, sbr. 130. gr. laga nr. 74/1974.

Með hliðsjón af framansögðu er ómerkingarkröfu ákærða hafnað.

II.

Sannað er í málinu, að drengur sá, er hér um ræðir, tæplega sjö ára að aldri, var hjá ákærða í herbergi hans hinn 15. febrúar 1990. Eru atvik að því nánar rakin í héraðsdómi og þar skýrt frá komu konu inn í herbergi ákærða, en dóttir hennar hafði skömmu áður séð drenginn fara inn í húsið með ákærða. Einnig er þar rakinn framburður ákærða, sem kveðst hafa hjálpað drengnum úr ytri buxum, þar sem þær hafi verið blautar. Ákærði vissi, að drengurinn bjó í sömu götu, skammt frá heimili hans, en drengurinn var honum ókunnugur að öðru leyti en því, að hann hafði tvisvar eða þrisvar áður farið með ákærða inn til hans. Þegar atvik málsins eru metin, verður að líta til þess, sem fyrir liggur um kynhneigð ákærða til drengja. Ber því að fallast á niðurstöðu héraðsdóms um, að atferli ákærða greint sinn varði við 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.

III.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að ekki verður séð, að atferli ákærða hafi valdið ótta hjá drengnum. Samkvæmt frásögn móður hans og sálfræðings hefur hann ekki sýnt merki þess, að hann hafi hlotið skaða af. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af þessu og sakaferli hans hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Til frádráttar á að koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 17. febrúar 1990.

IV.

Krafa ákæruvalds um gæslu ákærða eftir afplánun refsingar samkvæmt 67. gr., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga, er byggð á því,

að í ljósi sakarferils ákærða og niðurstöðu geðrannsóknað megi búast við, að hann haldi áfram skírlífisbrotum. Ekki hefur af ákærvalds hálfu verið gerð grein fyrir því, hvernig umræddri gæslu yrði háttað og hvort kostur sé á gæslu annars staðar en í fangelsi. Með hliðsjón af þessu þykir þessi krafa ákærvalds ekki nægilega rökstudd, og ber að vísa henni frá sakadómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en frá refsingunni skal draga með fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 17. febrúar 1990.

Vísað er frá sakadómi kröfu ákærvalds um gæslu ákærða að afplánun lokinni samkvæmt 67. gr., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. júní 1990.

Ár 1990, mánudaginn 11. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 299/1990: Ákærvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms þann 5. júní sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. apríl sl., á hendur ákærða, „Steingrími Njálssyni, Skarphéðinsgötu 16, Reykjavík, kennitala 210442-3679, fyrir skírlífisbrot, með því að hafa um kl. 16.30 fimmtudaginn 15. febrúar 1990 tælt drenginn A, fæddan 1983, sem ákærði hitti skammt frá heimili sínu, til að fylgja sér inn í herbergi sitt á 2. hæð í húsinu og haft þar í frammi við drenginn lostugt og hneykslanlegt athæfi með því að klæða hann úr buxum, draga niður nærbuxur hans og láta

hann krjúpa á sófa í herberginu, og kom konan S þannig að drengnum og hafði hann á brott með sér, en hún hafði veitt ákærða og drengnum eftirför af ótta við, að ákærði hygðist misnota drenginn kynferðislega. Undanfari þessa atburðar var sá, að ákærði hafði frá því um mánaðamót janúar/febrúar 1990 gert sér far um að vingast við drenginn og hafði hann m.a. í nokkur skipti komið í herbergi ákærða.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar, og enn fremur með vísan til 67. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði verði dæmdur til að sæta að refsingu lokinni gæslu samkvæmt 66. gr. sömu laga vegna undanfarandi breytni hans og hættu á, að hann muni halda áfram brotum af því tagi, sem hér um ræðir“.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 15. febrúar sl. kl. 16.43 fóru lögreglumenn að boði stjórnstöðvar að Ljósmyndastofu Þóris, Rauðarárstíg 20, hér í borg, en tilkynnt hafði verið, að ákærði hefði verið að fara með barn inn í hús að Skarphéðinsgötu 16. Þar fyrir utan hús höfðu lögreglumenn tal af Sonju Svansdóttur, og með henni var drengurinn A, fæddur 1983. Í lögregluskýrslu er haft eftir Sonju, að hún hafi verið stödd í ljósmyndastofunni ásamt dóttur sinni, og hafi þær séð mann leiða barn af götunni inn í húsið, og hafi dóttir Sonju talið sig þekkja manninn sem ákærða. Kvaðst Sonja hafa farið inn í húsið, og er hún kom inn í herbergi ákærða, sat drengurinn á rúmgaflí buxnalaus og nærbuxur dregnar niður til háls. Hafi ákærði haft á orði, er Sonja kom inn í herbergið, að buxur barnsins væru orðnar þurrar. Kvaðst Sonja hafa klætt drenginn í buxurnar og farið með hann út, og reyndi ákærði ekki að koma í veg fyrir það. Ákærði var síðan handtekinn og færður á aðalstöð, þar sem Kristinn Pedersen aðstoðarvarðstjóri tók ákvörðun um geymslu hans. Samkvæmt gögnum málsins var ákærði allsgáður.

Í lögregluskýrslu er síðan bókað, að drengurinn hafi verið færður til móður sinnar. Virtist drengurinn miður sin að sjá og sagði þetta vera leyndarmál, sem ekki mætti segja frá.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá RLR að kvöldi sama dags. Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi daginn eftir, er honum var kynnt krafa RLR um gæsluvarðhald á hendur honum. Ákærði var eftir það nokkrum sinnum yfirheyrður hjá RLR, og hefur hann haldið fast við framburð sinn. Þykir nægja að gera grein fyrir framburði ákærða fyrir dómi þann 6. apríl sl.

Ákærði kvað upphaf kunningsskapar síns við drenginn vera það, að ákærði var að teppaleggja bifreið sína fyrir utan heimili sitt u.þ.b. þremur vikum áður en atburður sá varð, er hér er fjallað um. Kvað ákærði, að

drengurinn hefði komið til sín og haft tal af sér. Ákærði kvaðst hafa spurt drenginn, hvort hann væri svangur, og hefði drengurinn sagt svo vera, og kvaðst ákærði þá hafa boðið honum kókómalt og kex, enda sagðist drengurinn ekkert hafa borðað frá því um morguninn.

Ákærði kvaðst hafa boðist til að gera við segulbandstæki, sem drengurinn kvaðst eiga, og kvað ákærði, að drengurinn hefði farið heim til sín og sótt tækið.

Ákærði kvað, að drengurinn hefði komið eftir nokkra daga og spurt um tækið, en tækið hefði ekki „virkað“ eins og það átti að gera.

Ákærði kvað, að nokkrum dögum eftir þetta hefði drengurinn enn komið í heimsókn, en hann hefði dvalið stutt hjá ákærða eða nokkrar mínútur.

Ákærði kvaðst þann 15. febrúar sl. hafa komið akandi á bifreið sinni eftir Gunnarsbrautinni, þar sem hann sneri bifreiðinni við og lagði hinum megin götunnar. Kvaðst ákærði hafa heyrt kallað hæ, og hafi þar umræddur drengur verið kominn og hafi hann sagt: „Þú sást mig ekki.“ Ákærði kvað, að drengurinn hefði fylgt sér inn í íbúðina, en ákærði kvaðst ekkert sérstaklega hafa boðið honum inn, og ekki kvað ákærði, að drengurinn hefði beðið um að fá að koma inn. Ákærði kvað, að er inn í herbergi hans var komið, hefði drengurinn farið úr úlpunni, og kvaðst ákærði þá hafa tekið eftir, að botn buxna drengsins voru blautar (sic). Kvað ákærði, að drengurinn hefði haft á orði, að hann væri kvefaður. Ákærði kvað, að drengurinn hefði tjáð sér, að faðir sinn væri úti á sjó, en móðir sín annaðhvort farin eða á leiðinni í skóla, en að sögn drengsins var hún að læra grísku. Kveðst ákærði því hafa staðið í þeirri trú, að drengurinn væri einn heima. Ákærði kvaðst hafa vitað, að drengurinn átti heima að Skarphéðinsgötu 6.

Ákærði kvað, að drengurinn hefði stigið í bleytu niðri í forstofu. Ákærði kvað, að drengurinn hefði ekki kvartað um bleytu, hvorki á sokkum né á buxum. Ákærði kvaðst hafa boðist til að þurrka buxur drengsins, og kvaðst ákærði hafa hjálpað honum úr buxunum og síðan tekið buxur, sokka og vettlinga og sett það á miðstöðvarofn.

Borinn var undir ákærða sá framburður konunnar, sem kom inn í íbúðina, að ákærði hefði tekið buxurnar af húsgagni, er merkt er F á teikningu. Ákærði kvað þetta alrangt.

Ákærði kvaðst ekki hafa tekið drenginn úr nærbuxum. Ákærði kvað, að drengurinn hefði sest í sófann, fengið sér kókómjólk og þurrkað sér um munninn með handklæði, sem ákærði kvað, að drengurinn hefði síðan sett yfir fætur sér. Þannig kvað ákærði, að drengurinn hefði verið, er konan kom inn.

Ákærði mótmælti þeim framburði konunnar, að drengurinn hefði kropið á sófanum með nærbuxurnar niður um sig.

Ákærði kvað, að drengurinn hefði verið í mesta lagi 5 mínútur inni hjá sér.

Ákærði kvaðst ekki vita, hvað drengurinn ætti við, er hann talaði um leyndarmál þeirra á milli. Við nánari umhugsun kvað ákærði líklega skýringu vera þá, að drengurinn kom auga á pappakassa með tónum öldosum í annað eða þriðja skipti, er hann kom í heimsókn, en dósir þessar hafi verið í eigu sambýlismanns ákærða, Jóns Reynis Þórarinssonar. Ákærði kvað, að drengurinn hefði spurt, hvort hann mætti eiga þessar dósir. Kvaðst ákærði hafa borið þetta undir Jón, sem hefði sagt, að drengurinn mætti eiga dósirnar. Ákærði kvað, að drengurinn hefði ekki tekið dósirnar, en ákærða fannst líklegt, að hér væri komið leyndarmálið, sem drengurinn talaði um.

Ákærði tók fram, að undir vissum kringumstæðum, þ.e.a.s. eftir áfengisneyslu, hefði hann kynferðislegan áhuga á ungum drengjum. Ákærði tók hins vegar fram, að hann var allsgáður umrætt sinn, enda búinn að fara í áfengismeðferð, og kvað hann ekkert slíkt hafa verið í huga sér þarna. Ákærði kvað, að meðferðinni hefði lokið um miðjan janúar sl., og kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis eftir þann tíma.

Vitnið Sonja Einara Svansdóttir, kt. 050740-2429, gaf skýrslu hjá RLR þann 15. febrúar og 22. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið vann eið að framburði sínum. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið á vinnustað sínum að Rauðarárstíg 20, er dóttir þess kom inn og tjáði vitninu, að hún hefði séð mann, er hún taldi vera ákærða, fara með lítinn strák inn í hús rétt hjá. Kvaðst vitnið hafa hringt á lögreglu og spurt, hvort verið gæti, að ákærði ætti heima þarna. Vitnið kvaðst ekki hafa beðið eftir svari, heldur hlaupið út að húsinu og hringt þar báðum bjöllum. Kvað vitnið gamlan mann hafa opnað fyrir sér, og fór vitnið inn í ganginn. Vitnið kvaðst hafa séð mann kíkja fram af stigapallinum, og kvaðst vitnið hafa séð, að þarna var um ákærða að ræða. Kvaðst vitnið hafa spurt hann til nafns, og hafi hann sagst heita Steingrímur. Kvaðst vitnið hafa spurt hann, hvort hann væri með lítinn dreng hjá sér, og hafi hann játað því og sagt, að hann hafi verið svo blautur, og hafi hann verið að þurrka fót hans. Vitnið kvaðst hafa gengið á eftir ákærða upp stigann, farið inn í herbergið, og er þangað kom, kvaðst vitnið hafa séð, að drengur kraup þar á sófa, og var hann á nærbuxum, og voru þær dregnar niður á miðjan rass. Vitnið kvaðst hafa beðið drenginn um að koma með sér, en hann hefði virst hissa og snúið sér við og tekið nærbuxurnar upp um sig. Kvað vitnið ákærða hafa teygst sig bak við hurð og náð þar í buxur drengsins, en vitnið stóð í þeirri trú, að þar væri ofn. Að sögn vitnisins fór drengurinn að mestu leyti sjálfur í buxurnar, en ákærði hjálpaði honum eitthvað. Vitnið kvaðst hafa svarað neitandi þeirri spurningu ákærða, hvort það væri móðir

drengsins. Vitnið kvaðst hafa hjálpað drengnum í stígvél, og kvaðst vitnið þá hafa tekið eftir því, að buxur hans voru blautar upp að hnjám. Vitnið kvað drenginn hafa verið í sokkum, er vitnið kom að honum í sófanum, og hafi þeir verið þurrir. Vitnið kvaðst ekki hafa kannað sérstaklega, hvort botn buxnanna var blautur. Kvaðst vitnið hafa beðið drenginn að sýna sér, hvar hann ætti heima, en að sögn vitnisins vildi hann ekki fara heim og tók svo til orða, að þetta væri leyndarmál. Kvaðst vitnið hafa spurt drenginn, hvort ákærði hefði sagt honum, að þetta væri leyndarmál, og kvað vitnið drenginn hafa játað því. Vitnið tók fram, að það gekk upp tröppurnar að herbergi ákærða, og kvaðst vitnið rétt hafa stigið inn fyrir þröskuldinn á herberginu. Vitnið kvað ekki útilokað, að drengurinn hefði verið að horfa út um gluggann, er vitnið kom inn í herbergið. Vitnið tók ekki eftir ofni, sem er við sófann, þar sem drengurinn var. Vitnið tók fram, að hefði komið í ljós, að þarna hefði ekki verið um ákærða að ræða, hefði það reynt að snúa sig út úr því með því að segjast vera að leita að einhverjum.

Vitnið Harpa Þórisdóttir, kt. 280464-4069, gaf skýrslu hjá RLR þann 16. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 28. maí sl. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið að aka Gunnarsbraut og ætlað að beygja inn á Skarphéðinsgötu. Kvaðst vitnið hafa tekið eftir Skodabifreið, sem ekið var á undan bifreið vitnisins og síðan lagt við gangstéttarbrún á Gunnarsbraut. Kvaðst vitnið hafa þekkt ökumann sem ákærða af myndum, sem birtust af honum í fjölmiðlum fyrir nokkrum árum. Vitnið kvaðst hafa ekið í innkeyrslu að vinnustað vitnisins að Rauðarárstíg 20, og kvaðst vitnið þá hafa séð ákærða ganga upp tröppur, og kom lítill drengur hlaupandi á eftir honum. Kvað vitnið, að ákærði hefði haldið hurðinni opinni fyrir drengnum, og hefðu þeir farið inn. Vitnið kvaðst hafa rætt við móður sína, og hefðu þær velt fyrir sér, hvað ætti að gera, og hafi sú ákvörðun verið tekin að hringja á lögreglu, og hafi móðir vitnisins gert það. Kvað vitnið móður þess hafa tekið þá ákvörðun að fara á staðinn, og kvað vitnið hana hafa farið og síðan komið út með drenginn. Taldi vitnið, að þá hefðu verið liðnar 10 til 15 mínútur, frá því að ákærði og drengurinn fóru inn í húsið. Vitnið kvað lögregluna í millitiðinni hafa komið á vinnustað vitnisins til að leita upplýsinga, og kvað vitnið lögregluna hafa verið rétt ókomna að húsi ákærða, er móðir vitnisins kom út með drenginn. Vitnið kvað lögregluna hafa handtekið ákærða, en móðir þess farið með drenginn til móður hans. Kvaðst vitnið þá hafa talað við móður sína, og hafi móðir þess lýst atvikum fyrir vitninu. Að sögn vitnisins skýrði móðir þess svo frá, að drengurinn hefði verið á hnjánum uppi í sófa, buxnalaus, en nærbuxur dregnar hálfpartinn niður fyrir rassinn. Kvaðst vitnið hafa skilið þetta svo, að nærbuxurnar hefðu verið dregnar niður fyrir miðjar rasskinnar. Vitnið kvað móður þess hafa verið í uppnámi, er hún sagði vitninu frá þessu.

Sigurður Þorgrímsson, barnalæknir á Landspítalanum, skoðaði drenginn þann 17. febrúar sl. Í vottorði hans, sem hann staðfesti fyrir dómi þann 15. maí sl., segir svo:

„Drengurinn kom eðlilega fyrir og var samvinnuþýður. Engin áverka-merki fundust og sérstaklega kom ekkert fram sem benti til kynferðislegrar misnotkunar. Skoðun á kynfærum og endaparmi leiddi ekkert athugavert í ljós. Niðurstaða: Ekkert kemur fram við læknisskoðun sem bendir til að drengurinn hafi verið misnotaður kynferðislega. Það útilokar þó ekki að slíkt hafi átt sér stað.“

Teknar voru myndir af fatnaði drengsins og hann rannsakaður, og kom ekkert athugavert í ljós.

Þann 17. febrúar sl. átti Þorgeir Magnússon sálfræðingur viðtal við drenginn. Eru ályktanir hans að viðtalinu loknu svohljóðandi:

„Um er að ræða sjö ára dreng sem vísað er til athugunar til að fá fram nánari málsatvik vegna gruns (sic) um kynferðislega áreitni. Drengurinn fullyrðir að umræddur maður hafi ekki unnið honum mein en færist undan því að svara spurningum um það hvað þeim hafi farið á milli. Tel ég óráðlegt og þýðingarlaust að ganga frekar á piltinn í þessum efnum að sinni. Það virðist einlæg skoðun A að maðurinn hafi ekkert alvarlegt gert honum og sýnist hann ekki hafa skynjað atferli mannsins sem ógnun við sig, e.t.v. af hrekk- og grandaleysi. Hann virðist þó skynja sterkt að hann hafi tekið þátt í einhverju sem er álitid rangt og óæskilegt og veldur sú staðreynd honum talsverðum óþægindum. Þar gæti blandast saman ótti, skömmustu-tilfinning, sektarkennd, ruglingur og fát (confusion) og efinn um hvort rétt sé að halda tryggðarsamning við umræddan mann.“

Drengurinn sýnist hafa átt allgott trúnaðarsamband við móður sína og þótt hann hafi ekki enn trúað henni fyrir því sem gerðist gæti sú orðið raunin þegar um hægist, pilturinn áttar sig betur og eykst öryggi að nýju. Ég mun eiga tal við móður aftur eftir u.þ.b. 10 daga og fylgjast síðan með líðan pilsins næstu vikurnar. Ef nýjar upplýsingar koma fram mun ég láta vita.“

Sálfræðingurinn gaf viðbótarálit þann 26. mars sl., og er það svohljóðandi:

„Í framhaldi af skýrslu minni um mál þessa drengs, dags. 20.2.1990, þar sem tekið er fram í lokin að undirritaður muni fylgjast með líðan hans næstu vikurnar og láta viðeigandi yfirvöld vita ef nýjar upplýsingar skytu upp kollinum, skal upplýst að þrátt fyrir frekari viðtöl við drenginn og móður hans hefur ekkert nýtt komið fram. Drengurinn hefur þó tekið fram að hann hafi kynnst umræddum manni þegar sá var að teppaleggja bifreið utandyr þar í nágrenninu en ber við minnisleysi þegar tal berst að því hvað gerst hafi á fundum þeirra. Hann hefur ekki sýnt sérstök merki kvíða eða

annarrar vanlíðunar síðan þessi atvik áttu sér stað og er eins og hann á að sér að áliti móður sinnar. Hún mun hafa við mig samband ef breyting verður á ástandinu.“

Sálfræðingurinn kom fyrir dóm sem vitni þann 15. maí sl. og skýrði svo frá, að hann myndi ekki sérstaklega, hvort hann spurði drenginn, hvernig klæðnaði hans var háttað, er konan kom að honum, en vitnið tók fram, að alltaf, er það reyndi að spyrja drenginn um efnisatriði, svaraði hann því til, að hann myndi það ekki. Vitnið kvað, að það gæti ekki séð, að drengnum væri brugðið eða hann í tilfinningalegu ójafnvægi, en hann hafi verið feiminn og óruggur (sic). Vitnið kvaðst daginn áður hafa hringt í móður drengsins, og hafi hún tjáð vitninu, að allt gengi vel, og hafi sjálfs-traust hans aukist. Vitnið kvað móður drengsins hafa talið hann bera þess merki, að hann vildi frekar opna sig um málið nú. Vitnið taldi, að það væri drengnum að skaðlausu, að dómariinn ræddi við hann í viðurvist móður hans, að því tilskildu, að fyllstu nærgætni væri gætt. Vitnið kvað drenginn auðveldlega laðast að fólki og hægt sé að leiða börn á þessum aldri út í ýmislegt. Kvað vitnið, að eftir inn grip (sic) konunnar og lögreglu sé mögulegt, að drengurinn fari að ætla, að hann hafi tekið þátt í einhverju, sem ekki má. Borinn var undir vitnið framburður ákærða fyrir dómi þann 6. apríl sl., þar sem ákærði reynir að skýra leyndarmál það, sem drengurinn hefur talað um. Vitninu fannst þessi skýring ákærða ólíkleg.

Vitnið K gaf skýrslu hjá RLR þann 21. febrúar sl. og kom fyrir dóm ásamt syni sínum þann 28. maí sl. Yfirheyrslan fór fram á skrifstofu dóm-arans. Reynt var að spyrja drenginn um efnisatriði, en hann kvaðst ekkert muna. Þá var barnið spurt, hvort maðurinn hefði ætlað að gefa því tómar dósir, en barnið kvaðst ekki muna eftir því. Vitnið K kvaðst hafa verið heima hjá sér umrætt sinn. Kvaðst vitnið ekki hafa tekið eftir, að fatnaður drengsins væri blautur, þegar konan kom með hann, en kvaðst ekki hafa gáð sérstaklega að þessu. Vitnið kvað drenginn aldrei hafa viljað ræða þessa atburði, og því hafi hann ekki tjáð sig um það, hvort hann hefði verið færður úr nærbuxunum.

Vitnið Jón Reynir Þórarinsson, kt. 210642-4219, gaf skýrslu hjá RLR þann 15. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið kvaðst leigja herbergi að Skarphéðinsgötu 16 og kvaðst hafa verið heima, er ákærði kom heim með dreng með sér. Kvað vitnið ákærða hafa farið með drenginn inn til sín og lokað að sér, og u.þ.b. 5 mínútum síðar hefði kona komið og tekið drenginn með sér, en lögreglan komið skömmu síðar. Vitnið kvað ákærða ekkert hafa komið til sín, meðan drengurinn var hjá honum, en vitnið kvað hugsanlegt, að ákærði hefði kastað á sig kveðju. Vitnið kvað þennan dreng hafa komið einu sinni áður, og hafi hann þá dvalið mjög stutt, og ákærði hafi ekki lokað að sér. Vitnið kvað ekkert óeðlilegt þá

hafa gerst, en ákærði hefði verið að gera við lítið barnasegulband fyrir drenginn. Vitnið vissi ekki önnur dæmi þess, að ákærði hefði farið með drengi inn til sín. Vitnið kvað ákærða í fyrra skiptið hafa tjáð sér, að drengurinn væri lyklabarn og móðir hans væri að vinna.

Vitnið kvaðst vera öryrki og alltaf vera heima.

Vitnið Ómar Ægir Kristjánsson, kt. 300158-3189, gaf skýrslu hjá RLR þann 20. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið kvaðst leigja herbergi að Skarphéðingsgötu 16, en vitnið kvaðst ekki hafa verið heima, er umræddir atburðir urðu. Kvaðst vitnið hafa orðið vart við heimsóknir til ákærða, bæði fullorðinna og ungra drengja. Kvaðst vitnið muna eftir því, að tveir drengir hefðu komið í heimsókn til hans, en vitnið kvaðst ekkert hafa skipt sér af þessu.

Vitnið Einar Guðbjartsson Ingibjörnsson, kt. 020845-4309, gaf skýrslu hjá RLR þann 21. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið kvaðst vera félagsráðunautur á göngudeild áfengisdeildar Landspítalans, og kvað vitnið afskipti sín af ákærða hafa hafist haustið 1988, er ákærði hefði afplánað dóm á Litla-Hrauni. Vitnið kvaðst hafa fylgt ákærða til Svíþjóðar í hælsvist samkvæmt hæstaréttardómi, og kvaðst vitnið hafa dvalist þar í viku. Vitnið kvað ákærða hafa komið til landsins í fyrra sumar, og kvaðst vitnið þá hafa aðstoðað hann, og að tilhlutan vitnisins fór ákærði í áfengis-meðferð til Svíþjóðar í desember sl. Kvaðst vitnið síðan hafa aðstoðað ákærða til að komast heim og í samráði við Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar útvegað ákærða húsnæði að Skarphéðingsgötu 16. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði neytti áfengis eftir þessa meðferð, en vitnið kvað ákærða hafa jatað að hafa í eitt skipti neytt diazepams. Vitnið kvaðst hafa frétt af máli þessu í fjölmiðlum morguninn eftir, og kvaðst vitnið hafa farið að Skarphéðingsgötu til þess að athuga, hvort ákærði væri kominn heim, en svo hafi ekki verið. Að sögn vitnisins var þarna eftirlitsmaður frá félagsmálastofnun, og bauðst hann til að opna fyrir vitninu. Vitnið kvaðst hafa opnað svarta skjalatösku þarna, og kvað vitnið, að í henni hefðu verið tvö klámblöð, og jafnframt kvaðst vitnið hafa fundið Polaroid-ljósmynd á bak við töskuna, en vitnið afhenti RLR muni þessa þann 21. febrúar sl.

Vitnið Jónbjörn Bogason lögreglumaður, kt. 170259-4839, gaf skýrslu hjá RLR þann 20. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið skýrði frá útkallinu og kvaðst hafa mætt konu á tröppunum, og leiddi hún dreng. Hefði konan tjáð lögreglumönnum, að drengurinn hefði verið inni í íbúð ákærða, og hefðu nærbuxur hans verið dregnar niður. Kvað vitnið konuna hafa sagt, að drengurinn hefði setið á rúmi og nærbuxur hans dregnar niður á hné. Kvað vitnið konuna hafa verið mjög æsta og hafa rutt þessu út úr sér, og kvaðst vitnið hafa skilið hana þannig, að nærbuxur

urnar hefðu verið dregnar niður á hné eða til hálfs, eins og vitnið orðaði það í skýrslum sínum. Vitnið kvaðst strax hafa séð, að konan var reið og æst.

Vitnið Sveinn Erlendsson lögreglumaður, kt. 180160-3229, gaf skýrslu hjá RLR þann 20. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið skýrði frá aðdraganda útkallsins og kvaðst hafa hitt konu á tröppunum, en ungur drengur hefði verið skammt frá, og hefði hann gengið í átt að heimili sínu. Að sögn vitnisins var konan miður sín, og tjáði hún þeim í stórum dráttum, hvað gerst hafði. Kvað vitnið konuna hafa sagt, að hún hefði komið að drengnum buxnalausum í herbergi ákærða, en vitnið kvað konuna ekki hafa lýst þessu nánar og ekki rætt um nærbuxur drengsins. Vitnið lýsti síðan handtöku ákærða, sem hefði eitthvað maldað í móinn, en komið sjálfviljugur með lögreglumönnum.

Vitnið Kristinn Pedersen aðstoðarvarðstjóri, kt. 300548-7099, gaf skýrslu hjá RLR þann 20. febrúar sl. og kom fyrir dóm þann 15. maí sl. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið varðstjóri í fangageymslu, er komið var með ákærða í móttöku niðri. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði var í handjárnnum. Vitnið kvaðst hafa spurt ákærða að nafni, en hann hefði engu svarað. Kvað vitnið lögreglumennina, sem komu með ákærða, hafa sagt hann grunaðan um að hafa leitað á barn. Vitnið kvað ákærða hafa óskað eftir tilteknum lögmanni, og kvaðst vitnið hafa látið Sigurbjörn Víði hjá RLR vita af því. Vitnið kvaðst hafa hætt á vakt kl. 21.00, og hefði ákærði þá enn verið í haldi. Vitnið kvaðst ekkert hafa rætt við ákærða um mál þetta, en kvaðst hafa fært honum mat á matsmálstíma.

Í máli þessu hafa verið lagðar fram ljósmyndir og teikningar af vettvangi, og hefur Kristján Friðbjófsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 040351-4779, komið fyrir dóm og staðfest þessi verk sín.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl sl. kl. 16.00. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann með dómi þann 22. febrúar sl. Með úrskurði, uppkveðnum þann 3. apríl sl., var gæsluvarðhald ákærða framlengt til 1. júní sl., og jafnframt var honum á gæsluvarðhaldstímanum gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni. Ákærði kærði úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, uppkveðnum þann 9. apríl sl., féllst á þá kröfu ákæruvaldsins, að ákærði skyldi sæta gæsluvarðhaldi til 1. júlí nk. kl. 16.00. Jafnframt var ákærða með dómi Hæstaréttar gert að gangast undir nánar tilgreinda læknisrannsókn.

Í dómi Hæstaréttar segir svo m.a.:

— — —

Með bréfi dómarans, dagsettu 17. apríl sl., var Högna Óskarssyni geðlækni falið að framkvæma ofangreinda athugun á ákærða. Geðrannsóknin

barst dóminum þann 11. maí sl., og staðfesti geðlæknirinn hana fyrir dómi þann 28. maí sl.

Samantekt og álit geðlæknisins er svohljóðandi:

„*Samantekt.*

Steingrímur Njálsson er 48 ára gamall karlmaður, ókvæntur og barnlaus og atvinnulaus. Hann situr nú í gæsluvarðhaldi vegna ákæru um skírlífisbrot og var gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Steingrímur er alinn upp á Siglufirði til þrettán ára aldurs. Hann missti móður sína tveggja ára og ólst upp hjá fósturforeldrum og börnum þeirra. Þrettán ára flutti hann til Reykjavíkur með fósturfjölskyldu sinni, en hefur á fullorðinsárum búið víða um land, í verbúðum, bátum og annars staðar. Hefur hann þó haft lögheimili á heimili föður síns á Siglufirði. Steingrímur hefur ekki lokið formlegu skólanámi né nokkru öðru námi nema það (sic), að hann hefur lokið námskeiði í skipstjórn. Hann hefur unnið við flest algeng störf til sjós og lands, en hvergi tollað lengi við vinnu. Steingrímur hefur aldrei kvænst eða hafið sambúð, en mun þó á unglingsárum hafa verið í sambandi við stúlku í u.þ.b. hálf t. á. Hann mun hafa gert tilraunir til þess að eiga ástar-sambönd við konur, en þær tilraunir hafa gengið illa og kennir Steingrímur um þröngri forhúð á getnaðarlim sínum, sem valdi sársauka við samfarir.

Steingrímur hefur misnotað áfengi frá því um tvítugt og hefur oft sinnist komist í kast við lögin þess vegna. Hann fór fyrst í meðferð árið 1980 og hefur farið þrisvar í meðferð síðan, en engin meðferðanna hefur borið varanlegan árangur.

Afbrotaferill Steingríms hófst á unglingsárum, og hefur hann hlotið fjölda dóma, flest (sic) fyrir ölvunarbrot og brot vegna ölvunar við akstur. Einnig hefur hann fengið dóma fyrir þjófnaði og svo í þrjú skipti fyrir skírlífisbrot gagnvart ungum drengjum. Í kjölfar afbrots og ákæru 1986 var hann með hæstaréttardómi 1988 úrskurðaður til meðferðar á viðeigandi hæli. Dvaldist hann á hælínu í Västervik í Svíþjóð í u.þ.b. átta mánuði og fékk lyf til þess að stöðva framleiðslu karlkynshormóns og þar með draga úr kynhvöt. Sú meðferð féll niður við útskrift í júní á sl. ári. Steingrímur fór að fá kynhvöt aftur nokkrum mánuðum seinna, sem hann sagði þó vera eðlilega.

Steingrímur er nú ákærður fyrir skírlífisbrot gagnvart Aroni Smára Barber. Steingrímur þverneitar að hafa brotið nokkuð af sér gagnvart þessum dreng.

Álit.

1. *Persónuleikatrúflun:*

Steingrímur Njálsson er haldinn alvarlegri skapgerðartruflun, sem hefur lýst sér í hegðunarvandráðum, frá því hann var barn eða unglingur, og sem (sic) hefur leitt til þess, að atferli hans hefur verið á margan hátt and-

félagslegt öll hans fullorðinsár. Skapgerðareinkenni þessi (sociopathic personality) myndast snemma á þroskaskeiði barnsins og halda áfram á fullorðinsárum. Afleiðingar þessarar skapgerðar eru m.a. lítil og losaraleg tengsl við annað fólk, trufluð siðferðiskennd, lítil ábyrgðartilfinning og léleg hvatastjórn. Afbrigðilegar kynferðislegar athafnir af ýmsu tagi tengjast einnig einstaklingum með skapgerð þessa. Eins hneigjast þeir til óhóflegrar vímugjafanotkunar. Meðferð við þessum skapgerðarvandamálum ber sjaldnast mikinn árangur. Lyfjameðferð er hægt að beita við skyndibreytingum á tilfinningalífi eða hvatastjórnun, en mjög erfitt er að hafa áhrif á rótgróna þætti skapgerðarinnar með læknisfræðilegum aðferðum. Rétt er að taka fram að hin andfélagslegu skapgerðareinkenni þessara einstaklinga mildast oft með árunum.

2. *Áfengissýki:*

Steingrímur er haldinn áfengissýki, sem á tímabilum er á nokkuð háu stigi. Hann hefur fjórum sinnum farið í meðferð, sem lítinn árangur hafa (sic) borið, og þó svo hann segi nú að hann hafi orðið fyrir hugarfarsbreytingu eftir meðferðina í Málmei fyrir fimm mánuðum, þá er óvarlegt að treysta slíkum yfirlýsingum. Reynsla frá því á sl. hausti sýndi að ákaflega erfitt var að ná nokkurri samvinnu við Steingrím um að hætta að drekka meðan hann hafði fullt persónufrelsi.

3. *Afbrigðileg kynhneigð:*

Steingrímur hefur frá því a.m.k. um tvítugt verið haldinn afbrigðilegri kynhneigð, sem lýsir sér annars vegar í því að hann hefur haft löngun til að njóta kvenna kynferðislega, en hefur ekki fylgt þeirri löngun mjög markvisst eftir, og hefur reynst eiga við kynferðisvandamál (sic), þannig að hann hefur ekki getað lokið samförum við konur á fullnægjandi hátt. Jafnframt þessu hefur hann haft kynhneigð til ungra drengja (homosexual pedophilia). Í tengslum við þessa afbrigðilegu kynhneigð hefur Steingrímur nokkrum sinnum verið ákærður fyrir brot gegn ungum drengjum og fengið dóm fyrir. Í núverandi geðrannsókn vildi Steingrímur lítið tjá sig um þessi mál, en neitar þó ekki að hafa haft þessa kynhneigð en vildi halda fram að kynhneigð sín nú væri með öllu eðlileg. Það kemur oft fram hjá einstaklingum með þessa kynhneigð að þeir eru barngóðir og hænast börn stundum að þeim. Undirstrikar Steingrímur þennan þátt í skapgerð sinni. Hann virðist eiga ákaflega erfitt með að setja sig í spor þeirra drengja, sem hann hefur misnotað, ekki getur hann heldur gert sér grein fyrir því hversu alvarlegar afleiðingar þetta geti haft fyrir þá. Steingrímur var í meðferð við þessu vandamáli í Svíþjóð frá því í október 1988 fram í júní 1989. Var honum gefið lyf til að draga úr kynhvöt og bar það góðan árangur. Hins vegar

kemur fram í skýrslum lækna og starfsfólks spítalans, að Steingrímur hafi verið fremur neikvæður og ósamvinnuþýður á deildinni að öðru leyti en því að hann tók sín lyf. Þessari lyfjameðferð var ekki fylgt eftir af hálfu sjúkrahússins í Svíþjóð né heldur af læknum hér á landi eftir að hann kom til Íslands í júní á síðasta ári. Í skýrslu Einarss Guðbjartssonar, meðferðarfulltrúa áfengisdeildar Landspítala, kemur fram, að hann lagði hart að Steingrími að hefja þessa lyfjameðferð aftur á sl. hausti, en svo virðist sem Steingrímur hafi stöðugt streist gegn því.

Undirritaður ræddi við Steingrím um áframhaldandi meðferð af þessu tagi. Steingrímur kvaðst fús til þess að undirganga (sic) meðferð, ef það kynni að firra sig dómi í þessu máli og ef það kynni að forða sér frá handtökum af svipuðu tilefni í framtíðinni. Með þessu tók hann skýrt fram að hann væri ekki að játa neina sekt í núverandi ákæru.

Það er ljóst að ákaflega erfitt muni reynast að gefa Steingrími andhormónalyf daglega vegna þess hve óreglulegu lífi hann lifir og vegna þess hve hann missir gjarnan stjórn á áfengissýki sinni. Hægt er að gefa lyf með sömu verkun í sprautuformi undir húð og endast áhrifin í þrjár vikur eftir hverja sprautu. Lyf sem þetta er ekki skrásett á markaði hérlendis en mun t.d. vera skrásett í Svíþjóð undir nafninu Zoladex. Þetta lyf dregur úr testosteroframleiðslu og kynhvöt á sama hátt og lyfjameðferð sú, sem Steingrímur fékk í Svíþjóð.

Almenn reynsla með einstaklinga, sem hafa svipaða skapgerðargalla og Steingrímur, og svo reynsla af meðferð Steingríms, gefur ekki tilefni til mikillar bjartsýni um að Steingrímur muni fylgja lyfjameðferð samviskusamlega eftir þrátt fyrir góð orð. Það er því mat undirritaðs, að til þess að meðferð eigi að bera varanlegri árangur en í fyrri tilraunum, þá þurfi að vera hægt að beita einhvers konar skilorði þannig, að Steingrími sé skylt að ganga undir meðferð sem þessa ella yrði öðrum viðurlögum beitt. Undirrituðum er hins vegar ókunnugt um lagalegar forsendur fyrir slíku.

Það er mat undirritaðs, að meðferð sem þessi þyrfti að vera mjög vel samhæfð meðferð Steingríms við áfengissýki og eins félagslegum stuðningi. Þykir undirrituðum eðlilegt, að gerður yrði samningur milli Steingríms annars vegar og t.d. áfengisdeildar geðdeildar Landspítala hins vegar um að veita Steingrími áfengismeðferð jafnframt því sem hann fylgdi meðferð eftir með þátttöku í AA-hópi. Enn fremur myndu læknar áfengisdeildar sjá um að gefa Steingrími andhormónalyf til að draga varanlega úr kynhvöt. Brýna nauðsyn bæri til að Félagsmálastofnun Reykjavíkur eða önnur viðhlítandi stofnun tæki að sér mjög virka fyrirgreiðslu í félagslegum vandamálum Steingríms.

Það er mat undirritaðs, að verði meðferð sem þessi ekki skipulögð mjög nákvæmlega af göngudeild eins og að ofan greinir, félagsmálastofnun og

dómsvaldinu, þá sé ákaflega hæpið að hún muni bera nokkurn árangur til langframa.

Steingrímur er ekki haldinn alvarlegri geðveiki eða greindarskorti af þeim toga, sem firri hann ábyrgð gerða sinna eða geri hann ósakhæfan.“

Margrét Bárðardóttir sálfræðingur gerði sálfræðipróf á ákærða, og er samantekt og álit hennar svohljóðandi:

„Hér er um 48 ára gamlan einstakling að ræða sem sýnir mjög skýrar skapgerðartruflanir sem einkum felast í andfélagslegu atferli. Það getur birst í hinum ýmsu (sic) myndum. T.a.m. eru þessir einstaklingar oft viðriðnir hina ýmsu (sic) smáglæpi, tíðum meiriháttar umferðaróhöppum (sic), alkóhólisma o.fl. Afbrigðilegar kynferðislegar athafnir af ýmsu tagi tengjast einstaklingum með þessa prófmynd. Rétt er að geta, að Steingrímur svarar flestum þeim spurningum er lúta að afbrigðilegri kynferðislegri hegðun neitandi og gefur í skyn að eiga á engan hátt við slíka erfiðleika að etja.

Þessir einstaklingar eru yfirleitt félagslega firrtir og eiga erfitt með eða geta jafnvel ekki myndað nán tengsl við aðra. Þeim er lýst sem óábyrgum, hvatvísu utangarðsmönnum í þjóðfélaginu með truflaða siðferðiskennd. Aðlögun að sálrænum vandamálum (varnarhættir) byggjast (sic) einkum á „acting-out“-hegðun. Þeir geta verið vingjarnlegir á yfirborðinu og gefið yfirlýsingar um eindræga (sic) ósk að vilja snúa blaðinu við, en svara illa meðferð og sýna lítið þol þegar á reynir.“

Niðurstöður.

Ákærði hefur kannast við að hafa fært drenginn úr ytri buxum í þeim tilgangi að þurrka þær. Hins vegar hefur ákærði neitað því, að drengurinn hafi verið í þeirri stellingu og með nærbuxur dregnar niður til hálf, eins og vitnið Sonja lýsir, og verður því að telja það ósannað. Þá ber að líta til þess, að framburður drengsins um leyndarmál og þögn hans um atburði vekja grunsemdir um annarlegan tilgang ákærða. Ferill ákærða sýnir áhuga hans á ungum drengjum, og læknisfræðilegar athuganir á honum styðja þetta. Ákærði gerir sér far um að hæna til sín ungt barn, honum ókunnugt, færir það að eigin sögn úr ytri buxum vegna bleytu, en vitni taka ekki sérstaklega eftir því, að þær hafi verið blautar. Ákærða hlýtur að hafa verið ljóst, að slík afskipti hans af ungum drengjum hlytu að kalla á viðbrögð hins almenna borgara og löggæslu, en það býður einmitt þeirri hættu heim, að ungmennin telja sig hafa verið að taka þátt í einhverju ósiðlegu athæfi með ákærða.

Þegar allt framanritað er virt í heild sinni, verður að telja, að sú háttsemi ákærða að afklæða drenginn hafi verið liður í að fullnægja afbrigðilegri kynhneigð hans (sic). Varðar þessi háttsemi ákærða við 209. gr. almennra

hegningarlaga og 45. gr. laga nr. 53, 1966, um vernd barna og ungmenna.

Sakaferill ákærða, viðurlög o.fl.

Ákærði, sem er sakhæfur, á að baki óvenjulega langan og mikinn sakaferil. Á árinu 1959 var ákæru tvívegis frestað á hendur honum fyrir þjófnaðarbrot. Ákærði hefur frá árinu 1963 hlotið 24 refsidóma fyrir kynferðisafbrot, þjófnaði, líkamsárásir, fjársvik, skjalafals og ölvun og réttindaleysi við akstur. Er samanlögð refsivist ákærða samkvæmt þessum dómum orðin 10 ár og 1/2 mánuður. Þar að auki hefur ákærði verið sektaður 14 sinnum fyrir ölvunarbrot.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. nóvember 1963 var ákærði m.a. sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið, að leysa þar niður um hann og slá drenginn í andlitið, þegar hann veitti mótspyrnu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka annan 11 ára dreng upp í bifreið til sín, gyrða niður (sic) um hann og hafa kynferðismök við hann nauðugan.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. desember 1964 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 10 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Þá var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka 12 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Enn var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka tvo drengi, 11 og 13 ára, inn í Hafnarsalernið í Keflavík á árunum 1961-1963 og hafa við þá kynferðismök.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 2. október 1978 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 9 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann nauðugan samræðismök.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að tæla 12 ára dreng inn í hótélherbergi til sín og hafa þar við hann kynferðismök nauðugan.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. september 1986 var ákærði sakfelldur fyrir að þukla á 10 ára dreng á lostugan hátt og kyssa hann á andlitið á veitingastofu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að veitast að 13 ára dreng í búningasklefa Sundhallarinnar í Reykjavík og fara höndum um líkama hans og kyssa hann.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum þann 24. febrúar 1988, var ákærði sakfelldur fyrir að hafa veist að 15 ára dreng, losað um föt hans og farið höndum um kynfæri hans utanklæða.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að hafa veist fáklaðdur að

13 ára blaðburðardreng, fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

Með áðurgreindum dómi Hæstaréttar var ákærða gert að sæta 9 mánaða fangelsisvist og að henni lokinni viðeigandi hælisvist í 15 mánuði.

Með hliðsjón af óvenjulegum sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Frá þeim tíma ber að draga með fullri dagatölu gæsluvarðhald, er ákærði hefur sætt frá 17. febrúar sl.

Í ákæruskjali er gerð sú krafa, að ákærði verði með vísan til 67. gr. almennra hegningarlaga dæmdur til að sæta að refsingu lokinni gæslu samkvæmt 66. gr. sömu laga vegna undanfarandi breytni hans og hættu á, að hann muni halda áfram brotum af því tagi, sem hér um ræðir.

Pegar lítið er til brotaferils ákærða og þess, að ákærði hefur framið kynferðisafbrot gagnvart samtals 14 ungum drengjum, verður framangreind krafa ákæruvaldsins tekin til greina.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun Guðmundar Kristjánssonar hdl., skipaðs verjanda síns, kr. 150.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Frá refsingunni skal draga með fullri dagatölu gæsluvarðhald, er ákærði hefur sætt frá 17. febrúar 1990.

Ákærði skal að refsivist lokinni sæta sérstakri gæslu samkvæmt ákvæðum 66. gr. og 67. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar hdl., kr. 150.000.